

ÍR eignast júdómeistara strax á fyrsta starfsári júdódeildarinnar

ÍR-ingar eru ekki gamlir í hettunni í júdóinu. Og þó. Júdódeild ÍR hóf starfsemi á haustmánuðum 2004 eða aðeins fyrir rúmum tveimur árum. Móttökur Breiðhyltinga létu ekki á sér standa og fjölmennu þeir strax í upphafi til æfinga og fyrr en varði voru liðsmenn deildarinnar orðnir á annað hundrað. Með starfsemi þessari myndast viss tenging við frumkvöðulsstarf ÍR á sviði sjálfsvarnaríþróttar því félagið byrjaði fyrst félagi í landinu að æfa japönsku sjálfsvarnaríþróttina jiu-jitsu, sem er skyld júdói.

ÍR tók jiu-jitsu upp á arma sína veterinn 1932–33. Benedikt Jakobsson fimleikabjálfi ÍR hélt í febrúar og fram í apríl 1933 fjögur námskeið í íþróttinni fyrir unga sem aldna af báðum kynjum. Fóru þau fram í ÍR-húsinu. Slíkra vinsælda nutu þau að stjórn félagsins tók hana upp sem sérstaka kennslugrein haustið 1933.

Manna á meðal gekk íþróttin einnig og frekar undir nafninu japönsk glíma. Benedikt nam íþróttina af frægum japönskum glímumanni og kennara er hann stundaði sjálfur íþróttakennaranám í Svíþjóð. Um íþróttina skrifaði Benedikt í Morgunblaðið 18. febrúar 1933. Í henni segir hann að hin harða lífsbarátta „núttímakynslóðarinnar“ krefjist andlegrar og líkamlegrar menntunar. Hætturarnar leynist víða og þá sé besti bjargvætturinn hraustur og vel þjálfaður líkami. „Ef til vill segja menn svo: lögreglan kemur og hjálpar mér ef á mig er ráðist. Í fyrsta lagi sæmir það ekki neinum sem vill rekja ættir sínar til Skarphéðins, Kára Sölmundarsonar og Helgu Jarlsdóttur að segja sem svo. Í Jiu-Jitsu, eða japönsku sjálfsvörninni, finnur þú, hvort sem þú ert karl eða kona, það öryggi sem þér er nauðsynlegt í hinu daglega lífi,“ skrifar hann.



F.v. Sigurður Einarsson, Magnús Sigurjónsson, Grétar Magnússon, Einar Falur Sigurðsson, Sigurður Ásgeirsson, Björn H. Halldórsson, Haraldur Baldursson, Jóhann Björnsson, Arnór Geir Jónsson og Hörður Jónsson.

Áfram heldur Benedikt og segir þessa sjálfsvörn kennda í öllum skólum í Japan, líkt og leikfimi í íslenskum skólum. „Menntaðar japanskar stúlkur eru svo fimar í þessari list, að þær ráða niðurlögum flestra karlmanna sem ókunnir eru þessum gripum og brellum. Japönsk sjálfsvörn byggist því ekki á kröftum einstaklingsins, heldur snarræði, leikni og síðast en ekki síst á því, að notfæra sér þann kraft og þann þunga sem mótstöðumaðurinn leggur í árásina, sjálfum sér til góðs. Allir, bæði karlar og konur, ættu því að læra japanska sjálfsvörn. Þó vil ég sérstaklega ráðleggja þeim sem ekki eru sterkir, að læra hana.“

Júdoeild ÍR dafnar og eflist

Boðskapur forsprakka júdoeildar ÍR er ekki óskyldur. „Júdo býður upp á einstaka líkams- og mannrakt. Aldur og kyn skiptir engu máli, það er aldrei of seint að hefja iðkun og enginn verður of gamall til ástundunar,“ segja þeir. Undir styrkri handleiðslu Björns H. Halldórssonar 3. dan., eins reynd-

asta þjálfara landsins, hefur deildin dafnað og eflst.

Árið 2005 var mikið uppgangsár og fjölgaði iðkendum mikið. Var það m.a. afleiðing þess að á að giska 14 þúsund kynningarmiðum var dreift á félagssvæðinu á árinu.

Breiðhytlingar hafa veitt deildinni nýju ævintýralegar viðtökur og lögðu þeir drjúgan skerf til söfnunar til kaupa á æfingadýnum í ÍR-heimilið. Söfnuðust 200.000 kr. til þeirra mála á skömmum tíma. Ástundun iðkenda hefur verið einkar virk. Mikill hugur hefur verið í þeim og eftirvænting. Júdofolk í ÍR stefnir að því að félagið verði stórveldi í íþróttinni þegar fram í sækir.

Öflugt starf júdoeildar ÍR bar fljótt ávöxt. Mestur hefur iðkendafjöldinn verið í yngri aldurshópum og eignaðist félagið Íslandsmeistara þegar á fyrsta Íslandsmóti undir 20 ára sem keppendur voru sendir í, árið 2005. Friðbjörn Ingi Leifsson sigraði í flokki 11–12 ára undir 46 kílóum. Þá varð Kristófer Hlífur Gíslason í öðru sæti í flokki 13–14 ára drengja undir 46 kílóum. Einn keppanda átti ÍR í fyrsta Íslandsmóti fullorðinna á starfstíma félagsins, 2005, en það var Einar Falur Sigurðsson í -81 kg flokki.

Jarðvegur frjór fyrir júdo á félagssvæði ÍR

Á Reykjavíkarmeistaramóti undir 2005 voru margar spennandi rimmur

háðar. Garðar Grétarsson ÍR, kraftmikill og snöggur júdomaður, varð meistari í flokki 11–12 ára, lagði félag sinn Kjartan Magnússon í spennandi glímu. Báðir þykja mjög efnilegir júdomenn. Í flokki 11–12 ára undir 55 kg sigraði hinn bráðefnilegi júdomaður og Íslandsmeistari Friðbjörn Ingi Leifsson. Árangur þessara og margra fleiri ÍR-inga á Íslands- og Reykjavíkurmótunum á fyrsta starfsári júdoeildar ÍR þykir hafa sýnt að jarðvegurinn sé frjór fyrir íþróttina á félagssvæði ÍR.

Björn Halldór Óskarsson varð þess heiðurs aðnjótandi að vinna fyrstu verðlaun ÍR-ings á Íslandsmóti fullorðinna á móti undir 60 kg flokki en beið lægri hlut og hlaut því silfurverðlaunin.

Afrakstur af þátttöku ÍR-inga í Íslandsmóti 20 ára og yngri árið 2006 var með eindæmum góður. Heim af móti fóru ÍR-ingarnir 16 með 13 verðlaun, eða fern gullverðlaun, sex silfur- og þrenn bronsverðlaun. Aðeins tvö af sjö félögum fengu fleiri verðlaun en ÍR. Í fjórum flokkum urðu ÍR-ingar Íslandsmeistarar og einnig í sveita-keppni 11–12 ára sem er góður árangur hóps sem hóf æfingar tæpu hálfu öðru ári áður. Þrír meistarar ÍR af fjórum voru í flokki 11–12 ára og einn í flokki 15–19 ára. Þeir voru Ingunn Rut Sigurðardóttir, Garðar Grétarsson og Oddgeir Hlífur Oddgeirsson í yngri flokknum og Björn H. Óskarsson í flokki 15–19 ára.

Júdoinu tekið opnum örmum

Eins og í upphafi segir hóf júdoeild ÍR starfsemi af fullum krafti haustið 2004. Tildrög voru þau að lítill en einarður kjarni, sem stundað hafði íþróttina undir sameiginlegum merkjum Gerplu/Ármans veturinn 2003–2004, sneri sér á önnur mið með áætlanir og vilja til stærra hluta en húsnæði Gerplu leyfði. Ásamt Birni H. Halldórssyni þjálfara fóru fyrir þeim hópi þeir Haraldur Baldursson, Gunnar Þorvaldsson, Ingólfur Steingrímsson, Sigurður Einarsson og Arnór Geir Jónsson. Gengu þeir á fund formanns ÍR, Þorbergs Halldórssonar. „Þorbergur kvaðst lengi hafa haft áhuga á að sjá júdo innan raða ÍR og tók málaleitaninni af því líkum myndarskap að aðeins nokkrum vikum síðar hóf deildin starfsemi. Þá voru reynsla og staðgöður ráðleggjngar Þorbergs Eysteinsonar framkvæmdastjóra ÍR deildinni mikil lyftistöng,“ segir Haraldur formaður júdoeildarinnar. Þó að tími hafi verið naumur til kynningar tókst með öflugri dreifingu kynningarefnis að ná fljótt til fjölmargra Breiðhytlinga.

Deildin var síðan stofnuð formlega á aðalfundi ÍR 2006. Formaður hennar frá upphafi hefur verið Haraldur Baldursson. Deildin setti sér í upphafi það markmið að iðkendur yrðu að jafnaði orðnir 300 fyrir árið 2010. Eftir tæp fyrstu tvö starfsárin virtist áhugi á starfsemi deildarinnar nægur til að þeir draumar gætu ræst. Meiri líkur þóttu þá á því að skortur á húsnæði myndi takmarka iðkendafjöldann.



Björn H. Halldórsson kominn inn í kastbragð gegn Magnúsi Sigurjónssyni.



Þóra Sigmarsdóttir sýnir káta æfingu (ju-no-kata) ásamt Hrönn.



*Sigurður Ásgeirsson
æfir ásamt Herði
Jónssyni.*

Jarðvegurinn var hins vegar frjór og útlit fyrir að ÍR eigi eftir að láta verulega til sín taka í þessari yngstu íþróttagrein sinni eins og öllum öðrum sem félagið hefur tekið upp á arma sína.



*Hafliði Jónsson æfir
kastbrögð ásamt
Kjartani Magnússyni.*